

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 9. mars 2021

Efni: Umsögn um 184. mál á 151. löggjafarþingi, tillögu til þingsályktunar um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum.

Landssamtök lífeyrissjóða eru heildarsamtök allra lífeyrissjóða landsins. Um lífeyrissjóði gilda lög nr. 129/1997, heildarlöggjöf um starfsemi þeirra. Stjórnskipulag sjóðanna er að ýmsu leyti mismunandi en í samræmi við uppruna þeirra og forsendur. Lífeyriskerfið er því ekki einsleitt.

Skylduaðild að lífeyrissjóðum á rætur að rekja til kjarasamnings á almennum vinnumarkaði vorið 1969. Í því samkomulagi eru meðal annars rætur stjórnskipulags vinnumarkaðstengdra sjóða sem hefur verið við lýði í meira en hálfa öld. Heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda eru bakland þessa hluta lífeyrissjóðakerfisins. Stjórnir vinnumarkaðstengdra lífeyrissjóða hafa frá upphafi verið skipaðar fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda að jöfnu, tilnefndum til tveggja til fjögurra ára í senn í samræmi við samþykkir hvers sjóðs. Í þingskjalinu sem hér er til umræðu er lagt til að Alþingi álykti um lagabreytingu sem gengur þvert á þetta samkomulag.

Fyrirkomulagið umrædda hefur reynst farsælt og er sem fyrr kjarasamningsbundið. Nú síðast samþykktu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins breytingar á kjarasamningi um lífeyrismál frá 12. desember 1995 með samningi dagsettum 4. mars 2021. Þar er kveðið á um stjórnerfi lífeyrissjóða og meðal annars skerpt á ákvæðum um sjálfstæði stjórnarmanna í lífeyrissjóðum.

Í málí nr. 184 er gert ráð fyrir því að Alþingi lögfesti að „atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fari eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum sjóðfélaga eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðanna.“

Um þetta atriði má segja að auðveldara er um að tala en í að komast ef markmiðið er að koma á „lýðræðislegra og réttlátara fyrirkomulagi“ en nú er við lýði. Meiningin er áferðarfalleg í orði kveðnu en álitamálin eru fleiri og áleitnari en virðist fljótt á litid og framkvæmdin hvorki einföld né aðgengileg:

Vægi atkvæða hlýtur að ráðast af áunnum lífeyrirréttindum hvers og eins.


- Fjöldi fólks á réttindi í tveimur, þremur eða fleiri lífeyrissjóðum.
- Atkvæðisréttur tekjuhárra vegur augljóslega þyngra en tekjulágra.

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðiprófessor velti árið 2004 fyrir sér spurningu um hvort stjórnskipulag íslenskra lífeyrissjóða væri „séríslenskt fyrirbæri“ eða ætti sér fyrirmynnd í

grannríkjum. Niðurstaðan var sú að tilnefning fulltrúa í stjórnir íslenskra lífeyrisjóða væri álíka fyrirkomulag og gerðist í grannríkjum. Ætla má að ályktun skýrsluhöfundar standist í meginatriðum óhögguð:

„Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu. Þetta er athyglisvert í því ljósi að nokkur gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag það sem haft er um val í stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og því haldið fram að eðlilegra sé að velja stjórnir lífeyrissjóða á almennum opnum fundum sjóðfélaga. Slík aðferð við val í stjórnir starfsgreinasjóða virðast hins vegar heyra til undantekninga í viðmiðunarlöndum. Svipaðar reglur virðast gilda um hæfi stjórnarmanna í öllum löndunum. [...] Almennt séð virðast reglur um stjórn íslensku lífeyrissjóðanna vera mjög áþekkar því sem gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu.“

Að síðustu varðandi Fjármálaeftirlitið og eftirlit þess með starfsemi lífeyrissjóða: Innra eftirlit lífeyrissjóðanna sjálfra er öflugt og virkt og lög mæla nú þegar fyrir um víðtækar heimildir fyrir Fjármálaeftirlitið til að kalla eftir hvers kyns upplýsingum og gögnum um starfsemi sjóðanna. Ekki verður séð að ákvæði c-, d- og e-liða í máli nr. 184 bæti nokkru efnislega við eftirlit sem nú þegar er fyrir hendi samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðanna sjálfra.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri